

# GRÍMUR OG EINNOTA HANSKAR

## Grímur



- Almennt er ekki mælt með grímunotkun en í eftirtöldum aðstæðum er það skylda:
  - Í áætlunarflugi og ferjum, ef ekki er hægt að hafa 1 metra á milli manna.
  - Í hópþrófið/leigubíl frá flugvelli og á lengri leiðum (a.m.k. 30 mín.) með hópþrófið.
  - Við þjónustu í návígi s.s. snyrtingu, nudd, sjúkrþjálfun, tannlækningar, lækningar og hjúkrun.
  - Þar sem loftgæði eru léleg.

*ATH! Loftgæði má bæta með að lofta út í a.m.k. 10-15 mínútur í senn, daglega, hafa þrif í lagi og þægilegt hitastig.*
- Einstakar stofnanir geta sett eigin reglur um grímunotkun t.d. framhaldsskólar, háskólar, sjúkrahús, hjúkrunarheimili o.s.frv.
- Mikilvægt er að setja grímuna rétt á andlitið, snerta hana sem minnst og ávallt hreinsa hendur fyrir og eftir snertingu.

## Hanskar

Almenningur á ekki að nota hanska til varnar COVID-19. Hanskarnir mengast strax og viðvarandi notkun getur valdið aukinni sýkingarhættu.

- Handþvottur eða handsprittun er aðalatriðið og allir hvattir til að þvo hendur með sápuvatni eða spritta hendur (ef handlaug er ekki til staðar) eftir snertingu við mengað yfirborð.
- Nota hanska við óhrein verk s.s. við þrif eða fyrirséða snertingu við blóð og aðra líkamsvessa. Fara strax úr hönskunum eftir að verki lýkur og gera það á réttan hátt (hverfa þeim af höndunum) og setja þá beint í ruslafötu.
- Hendur á að þvo eða spritta eftir að farið er úr hönskum.
- Ef notaðir eru hanskar við meðferð matvæla sem aðrir neyta þarf að skipta um hanska milli verka. Ef notaðir eru hanskar við afgreiðslu t.d. í bakaríum, ísbúðum og veitingahúsum þarf að fara í nýja hanska við hverja afgreiðslu.
- Einnota hanskar eru einnota – ekki spritta þá eða þvo til endurnotkunar.

